



ORKUSTOFNUN  
Vatnsorkudeild

**VERKEFNA- OG FJÁRHAGSUPPGJÖR  
VATNSORKUDEILDAR  
FYRIR ÁRIÐ 1986**

OS-87011/VOD-01 B

Mars 1987



**ORKUSTOFNUN**  
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknúmer: 305

**VERKEFNA- OG FJÁRHAGSUPPGJÖR  
VATNSORKUDEILDAR  
FYRIR ÁRIÐ 1986**

OS-87011/VOD-01 B

Mars 1987

VERKEFNA OG FJÁRHAGSUPPGJÖR FYRIR OS VOD, 1986.

1. Heildarniðurstöður uppgjörs.
2. Yfirlit um skipulag og starfsemi einstakra deilda.

Skipulag.  
Yfirlit fagdeilda.  
Starfsmannaskrá.

3. Skipting vinnutíma og fjár á verk (töflur).
4. Uppgjör einstakra verka, sem unnin eru fyrir  
framlag á fjárlögum.


Rekstur.  
Fagverk.  
Deildarverk.

### 1.1. HEILDARNIÐURSTÖÐUR UPPGJÖRS

Enn var dregið úr starfseminni 1986 miðað við 1985 og fyrri ár. Söluverk eru nú vart annað en almenn þjónusta við fyrirtæki og sveitarfélög, aðallega vegna vatnsöflunar og mannvirkjagrundunar. Söluverkefni fóru lítillega fram úr vonum. Reksturinn er enn nokkuð vanáætlaður.

Sem fyrr bitna frávik frá áætlunum mest á vinnu við fagverkefni, en reynt er að halda í horfinu í deildarverkefnum; þeim er lúta að rannsóknum vegna nýtingar vatnsorku. Samdrátt í deildarverkum má rekja til fyrirmæla á miðju ári um að dregið skyldi úr tilteknum verkefnum og frestun verkefna hjá OBD.

Áætlað var að deildin legði fram um 86 þús. vinnustundir á árinu, en þær urðu um 80 þús. Mismuninn má rekja til þess að deildarstjóri OBD hætti á öðrum ársfjórðungi og ekkert varð úr ráðningu verkfræðings á OBD. Ennfremur var gert ráð fyrir að starfsmaður MJ sem var í leyfi kæmi aftur til starfa, en af því varð ekki.



Á árinu voru unnin 41 ársverk, sem skiptast þannig: OB 6,5%, VM 28,8%, LM 9,6%, MJ 12,4%, JK 19,1%, UR 4,8% og VV 18,7%. Meginbreytingarnar frá fyrra ári eru fólgnar í því að gengið var frá flutningi 3 starfsmanna af MJ og eins af LM yfir til VM.

Tafla 1 Útgjöld Vatnsorkudeildar 1986

M.kr.


|   |      |
|---|------|
| SAMKOSTNAÐUR .....                          | 13,7 |
| FAGVERKEFNI .....                           | 5,2  |
| Vatnamælingar .....                         | 0,8  |
| Landmælingar .....                          | 0,6  |
| Mannvirkjajarðfræði .....                   | 1,8  |
| Jarðfræðikortlagning .....                  | 0,6  |
| Umhverfissrannsóknir .....                  | 0,2  |
| Verk- og vatnafræði .....                   | 0,9  |
| Orkubúskapur .....                          | 0,3  |
| DEILDAVERKEFNI .....                        | 38,2 |
| Eystri-Jökulsá .....                        | 2,4  |
| Skjálfandafljót .....                       | 1,4  |
| Jökulsá á Fjöllum .....                     | 1,1  |
| Jökulsá á Dal .....                         | 3,1  |
| Jökulsá í Fljótsdal .....                   | 1,4  |
| Geitheillnaá .....                          | 0,6  |
| Síðuvötn-Markarfljót .....                  | 1,3  |
| Þjórsársvæði .....                          | 3,6  |
| Neðri-Þjórsá .....                          | 0,9  |
| Efri-Hvítá .....                            | 3,0  |
| Aurburðarmælingar .....                     | 1,2  |
| Vatnshæðarmælur .....                       | 3,1  |
| Rennslismælingar .....                      | 2,6  |
| Raflínurannsóknir .....                     | 1,4  |
| Ýmis orkumál .....                          | 6,2  |
| Ýmis deildarverk .....                      | 4,9  |
| SÖLVERKEFNI .....                           | 8,5  |
| Blanda .....                                | 0,3  |
| Fljótsdalsvirkjun .....                     | 0,5  |
| Þjórsá-Tungnaá Landsvirkjun, ýmislegt ..... | 0,7  |
| RARÍK .....                                 | 0,6  |
| Vegagerð ríkisins .....                     | 0,5  |
| Hitaveita Reykjavíkur .....                 | 0,5  |
| Fiskeldisfyrirtæki .....                    | 0,7  |
| Fyrir Jarðhitadeild .....                   | 2,1  |
| Ýmislegt .....                              | 2,6  |
| REKSTUR ALLS .....                          | 65,6 |
| STOFNKOSTNAÐUR ÓSKIPTUR .....               | 1,7  |
| ÚTGJÖLD ALLS .....                          | 67,3 |
| SÉRTEKJUR .....                             | 19,1 |
| MISMUNUR .....                              | 48,2 |

## YFIRLIT UM STARFSHÆTTI OG STARFSEMI EINSTAKRA DEILDA

Í þessum kafla er yfirlit um skipulag Vatnsorkudeildar, fagdeildar og starfsmannaskrá.

Vatnsorkudeild er í 6 fagdeildum. Deildaskiptingin tekur mið af megin verkþáttum í undirbúningsrannsóknum vatnsaflsvirkjana. Yfir henni er forstjóri, sem stýrir deildinni með aðstoð deildarráðs. Deildarráð skipa deildarstjórar, verkefnisstjóri jarðkönnunarverkefna, og rekstrarstjóri, auk deildarstjóra Orkubúskapardeildar. Orkubúskapardeildin er rekin með Vatnsorkudeild, þó hún sé skipulega sjálfstæð og heyri beint undir Orkumálastjóra. Deildarráð heldur fundi að jafnaði á 2-3 vikna fresti.

Yfir öllum verkefnum er verkefnisstjóri, og í stærstu verkunum hefur hann ráðgjafahóp sér til fulltingis. Verkefnisstjórar heyra beint undir forstjóra. Samráð er haft við Landsvirkjun um verk sem tengjast virkjunum og vatnsorku. Rekstrarstjóri stjórnar áætlanagerð, fylgist með inn- og útgjöldum sér um uppgjör verka og daglegan rekstur.



## LANDMÆLINGAR:

### Verksvið:

Að sjá um allar nauðsynlegar landmælingar fyrir Orkustofnun og úrvinnslu þeirra. Vegna kortagerðar í mælikvarða 1:25.000 eru mæld þríhyrninganet og hæðanet, sem síðar eru notuð við kortagerð í stærri mælikvarða og við staðsetningu mannvirkja á virkjunarsvæðum. Önnur verkefni eru mörg og fara verkefni fyrir JHD vaxandi. Nokkur almenn tölvuþjónusta er veitt innan VOD.

### Starfslið:

Auk deildarstjóra eru jarðeðlisfræðingur og kerfisfræðingur á deildinni. Allir þessir menn sinna mælingarstörfum að sumarlagi, en úrvinnslu mælinga eða tölvuþjónustu að vetrarlagi.

### Verkefni 1986:

Hamarsdalur og Geithellnadalur voru merktir og myndaðir úr lofti vegna kortagerðar með 2 m hæðarlínum, en mælingar eru eftir þar.

Unnið var við undirbúning gervitunglamælinga á jarðskjálfta-svæðinu á Suðurlandi og víðar, en síðar við mælingarnar sjálfar í 12 daga. 16 innlendir og erlendir stofnanir unnu að þessu verkefni, sem mun standa í nokkur ár, og er áhugavert frá jarðeðlisfræðilegu og landmælingafræðilegu sjónarmiði.

## VATNAMÆLINGAR

### Starfsvið:

Að annast alhliða athuganir og mælingar á vatnsrennsli landsins.

### Aðalverkpættir:

1. Byggja vatnshæðarmælistöðvar og annast samfelldan rekstur þeirra.
2. Gera rennslismælingar hjá vatnshæðarmælum (lykil-mælingar), samanburðarmælingar og vetrarmælingar, þegar ís truflar vatnshæðarmælingar.
3. Annast aurburðarsýnatöku.
4. Koma mæliniðurstöðum á aðgengilegt form fyrir notendur.
5. Auk hinna kerfisbundnu mælinga falla undir verksvið Vatnamælinga: Dýptarmælingar stöðuvatna, mælingar á jökulhlaupum o.s.frv.

### Starfslið:

Á deildinni störfuðu tíu manns í árslok. Forstöðumaður í leyfi frá störfum til þess að ritstýra nýrri og endurbættri útgáfu af ritinu "Íslensk vötn". Vatnaverksfræðingur við áætlanir, mælingar og vatnafræði, útibússtjóri á Austurlandi er annast vatnshæðarmælikerfið þar. Fjórir vatnamælingamenn er unnu við nýbyggingu vatnshæðarmæla og strengjabrauta, rennslismælingar, mælaeftirlit og úrvinnslu auk aurburðarsýnatöku. Kerfisfræðingur er annaðist forritun og umsjón tölvuvinnslu. Tækniteiknari og jarðeðlisfræðingur unnu við úrvinnslu og útreikninga gagna. Til viðbótar þessu starfsliði eru starfandi gæslumenn víða um land er annast eftirlit vatnshæðarmæla, er skiluðu samtals 1 1/2 ársverki.

### Verkefni 1986:

Á árinu 1986 voru umsvif Vatnamælinga svipuð og á undangengnum misserum. Nýir vatnshæðarmælar voru reistir á eftirtöldum stöðum:

Jökulsá á Dal; Brú  
Jökulfall; Gýjarfoss  
Bugða; Kjós



Tveir hinir fyrstnefndu eru með loftbólumælum, en Bugða er með flotholtsmæli. Auk þessa var síriti í Skaftá við Sveinstind færður, endurnýjað hús við Jökulsá á Fjöllum, Grímsstaði, og reist vetrarhús við Hvítá, Hvítárvatnsbrú. Strengjabrautir til rennslismælinga voru reistar á eftirtöldum stöðum:

Jökulsá á Dal; Brú  
Jökulsá í Fljótsta; Hóll  
Skjálfafljót; Hrifla  
Hvítá; Hvítárvatn

Frestað var uppsetningu kláfs og sírita í Skjálfafljót; Ald-  
eyjafoss, efni er allt tilbúið.

Verulegur fjöldi rennslismælinga var gerður og voru flestar lykilmælingar. Áfram var áhersla lögð á vetrarmælingar á rennsli og var um þær ágæt samvinna við Landsvirkjun.

Mikilvægur þáttur í starfsemi Vatnamælinga á þessu ári var áframhaldandi endurskoðun vatnshæðarmælakerfisins. Tekið hefur verið mið af reynslu annara þjóða, en yfirleitt er reynt að halda kerfinu innan þeirra marka að rekstur allra stöðva sé tryggður og skili góðum og sambærilegum niðurstöðum. Vatnshæðarmælistöðvum hefur verið skipt í fimm meginflokka: vatnsbúskaparstöðvar, svæðastöðvar, samanburðarstöðvar, verkefnabundnar stöðvar og rannsóknarstöðvar. Tveir fyrstnefndu eru grunnstöðvar til að afla nákvæmra langtímaupplýsinga um vatnsbúskap og rennslis-einkenni. Þriðji flokkurinn er til að afla upplýsinga sem nauðsynlegar eru vegna sérstakra áforma um nýtingu, t.d. vatns-  
aflsvirkjanir og fiskeldi. Fjórtí flokkurinn höfðar til reksturs og eftirlits með nýtingu, t.d. grunnvatnsmælur í Heiðmörk og á Reykjanesi. Fimmti flokkurinn er til vísindalegra athugana. Ein slík stöð var sett upp í haust í Bugðu í Kjós.

Viðræður standa yfir við Landsvirkjun um þátttöku í kostnaði við samanburðarstöðvar og verkefnabundnar stöðvar í tengslum við vatnsaflsstöðvar á hönnunarstigi, þær sem ákveðið hefur verið að reisa og þær sem eru í rekstri. Stefnt er að því að aðilar utan orkugeirans greiði kostnað af stöðvum sem reistar eru og reknar í þeirra þágu sérstaklega.

#### Ýmis verk:

Unnið var að ýmsum öðrum verkefnum t.d.:

- Þróun forrita til reikninga rennslismælinga, er leysir af hólmi handvirka úrvinnslu. Slík úrvinnsla tekur um fimmtung tíma hefðbundinna úrvinnslu.
- Rennslislíkön. Greinar á NHF ráðst. í Reykjavík.
- Þróun forrita er miða að auðveldari notkun gagna VM. (skjá-  
myndaforrit o.fl.).
- Rennslisgagnanefnd (REGN).
- Þrjú viðamikil verkefni á sviði rennslismælinga:
  - 1) Ákvörðun á ferskvatnsmælingum í Lón í Kelduhverfi (fyrir ISNÓ)
  - 2) Lykilmælingar í Tunguá (LV)
  - 3) Skeiðarárhlaup (Vegagerðin, OS)

## MANNVIRKJAJARÐFRÆÐIDEILD

### Starfssvið:

Starfssvið MJ er að mestu jarðfræði-, jarðtækni- og grunnvatnsrannsóknir. Á undanförunum árum hefur einkum verið unnið á hinum ýmsu virkjunarstöðum en síðustu 2 árin hafa aukist mikið rannsóknir vegna undirbúnings fyrir fiskeldi. Þá hefur neysluvatnskönnun fyrir vatnsveitur verið nokkur að undanförunu. Eins er fylgst með framkvæmdum á byggingarstigi.

Mannvirkjajarðfræði tengir saman hinar ýmsu greinar jarðfræði (þ.á.m. grunnvatnsfræði) við byggingaverkfræði. Á þessu fagsviði fara m.a. fram dýrari hlutar vettvangsrannsókna vegna virkjana og annarra mannvirkja, þ.á.m. fiskeldisstöðva. Þessar rannsóknir eru t.d. boranir og alls kyns mælingar í borholum, grunnvatns-mælingar, jarðeðlisfræðilegar mælingar, ýmsar jarðtækni- og bergtæknilegar rannsóknir ásamt ítarlegum efnisprófunum. Þessar rannsóknir og prófanir verða umfangsmeiri eftir því sem nær dregur byggingarstigi.

Á undanförunum árum vann deildin mikið í söluverkum fyrir Landsvirkjun á verkhönnunar- og útboðsstigum virkjana í nánú samstarfi við hönnuði virkjananna og væntanlegan eiganda, en slík verk voru nær engin á síðasta ári. Vegna þessa samdráttar fóru 3 starfsmenn af MJ-VOD yfir á Vatnamælingadeild VOD um áramót 1985-86, svo starfsmenn MJ á árinu 1986 voru aðeins 5.

### Starfslið:

Í árslok 1986 störfuðu á deildinni 5 fastráðnir starfsmenn, 2 jarðverkfræðingar og 3 jarðfræðingar. Starfsmenn vinna oft að verkefnum í vinnuhópum með fólki af öðrum undirdeildum VOD eða Jarðhitadeild, og er verksvið yfirleitt nokkuð fjölbreytt. Nokkur verkaskipting er þó meðal starfsmanna er kemur inn á viss fagsvið; t.d. sá einn jarðfræðingur að mestu um þjónustu við vatnsveitur, annar var að miklu leyti í söluverkum fyrir Landsvirkjun, sá þriðji sá um fjarkönnun og undirbúning fyrir jökla-mælingar (fer yfir á VM í byrjun árs 87). Jarðverkfræðingarnir sá um þau verk er vörðuðu jarð- og bergtækni. Annar þeirra var og einnig mikið í verkefnum fyrir fiskeldisstöðvar, sem og flestir hinna starfsmannanna að einhverju leyti.

### Helstu verk 1986:

Söluverk (Um 30%): Á árinu var lokið úrvinnslu úr vettvangs-rannsóknnum frá árinu 1984 vegna væntanlegra virkjana LV: Í byrjun árs kom út skýrsla um Sultartangavirkjun, skurðtilhögun; lokið var skýrslum um Vatnsfellsvirkjun og um aurburð í Kvíslaveitu. Báðar þessar skýrslur koma út snemma árs 1987. Þá var nokkuð unnið við athuganir á jarðgangagerð við Blönduvirkjun. Mörg önnur söluverk voru unnin á árinu, t.d. allmikil vinna við boranir, grunnvatnsathuganir og öflun jarðsjávar vegna væntanlegra fiskeldisstöðva (t.d. Lindalax, Vatnsleysuströnd o.fl.), þjónustu við vatnsveitur (t.d. Dalvík o.fl.) og undirbúningur ýmissa stórra og smárra mannvirkja, aðallega vegna grundunar, t.d. kjarnaboranir á fyrirhuguðu stöðvarhússtöði á Nesjavöllum og jarðvegsboranir fyrir háspennulínur Rarik.

Deildarverk (Um 20%): Haldið var áfram rannsókn á títanmagni í sandi á SA-landi (á landi og á sjávarbotni). Lokið var við jarðfræðiskýrslu um Eystri Jökulsá í Skagafirði og kom hún út á árinu. Nokkur vinna var lögð í könnun helstu lindasvæða landsins m.t.t. seiðaeldis. Unnið var að kynningarbæklingi á ensku um Vatnsorkudeild og Orkustofnun og kom hann út á árinu. Fylgst var með þróun í jarðgangagerð. Starfsmenn MJ tóku þátt í vinnu VOD að undirbúningi samræmdra forathugana allra virkjunarstaða landsins, en fyrsta hluta þessarar áætlunar á að ljúka 1987.

Fagverk (Tæp 30%): Fylgst var með byggingarframkvæmdum við Blönduvirkjun til þess að sannreyna niðurstöður undirbúnings-rannsókna. Unnin var skýrsla um nákvæmniskortlagningu skurða og stíflugrunna í Kvíslaveitu meðan á framkvæmdum stóð. Kom hún út á árinu. Þróuð var tölvuúrvinnsla á borholu- og jarðlagasniðum og borholumælingum. Ýmislegt var unnið við grunnvatnsmælingar og tækjakostur á því sviði endurnýjaður að hluta. Fylgst var með þróun í fjarkönnun og haldið áfram myndatökum úr lofti af helstu mannvirkjasvæðum. Undirbúin var vinna VOD í jöklamælingum. Haldið var áfram að fylgjast með helstu nýjungum í bergtækni og jarðborunum o. fl.

## JARÐFRÆÐIKORTLAGNING

### Starfssvið:

Vegna grunnrannsóknna á vatnasviðum og virkjunarsvæðum: Jarðfræðikortlagning í mælikvörðum 1:50.000 og 1:100.000 (berg, set og jarðvatnafar, þ.e. jarðvatn og vatnajarðfræði). Laus byggingarefni (vegna grunnrannsóknna og hönnunarrannsóknna): leit, könnun á gerð, útbreiðslu og magni, flokkun. Jarðvatns- og vatnajarðfræðikannanir á virkjunarsvæðum og vegna neyslu- og nytjavatnsöflunar. Ýmis þjónusta í set- og jarðvatnsfræðum.

### Starfslið:

Deildarstjóri og 6,6 jarðfræðingar auk þess sem 1 jarðfræðingur vann fyrir JHD mestan hluta ársins. Vinnu þeirra 1986 má skipta eftir sérsviðum og viðfangsefnum sem hér segir: Um 2 ársverk við bergkortlagningu og skylda vinnu; um 1,5 ársverk við setkortlagningu, byggingarefnisrannsóknir og skyld verk; um 2,5 ársverk við jarðvatnsrannsóknir, kortlagningu, vatnsöflun og skyldan starfa; um 1 ársverk í stjórnun og ýmis konar þjónustu, þ.m.t. tölvuþjónustu VOD. Um 1/2 ársverk í þróunarverkefni (aðferðafræði, gagnagrunn).

### Helstu verk 1986:

Fagverk: Setgreiningarstaðall. Stöðlun á kortagerðarferli fyrir jarðfræðikort. Ýmis smærri verk, þ.á.m. framhald nokkurra verka frá fyrra ári.

Virkjunarrannsóknir: Jarðfræðikortlagning á vatnasviðum Þjórsár-Tungnaár, Neðri-Þjórsár, Jökulsár á Dal, Efri-Hvítár, Jökulsár Austari í Skagafirði.

Ýmis deildarverk: Lindakannanir á Snæfellsnesi. Ferskvatn til fiskeldis og grunnvatn á Reykjanesskaga. Samantekt um jarðefni á Íslandi.

Ýmis söluverk: Neyslu- og nytjavatn fyrir sveitarfélög og fiskeldi, jarðsjávaröflun fyrir fiskeldi. Áhrif vatnsborðs í Lagarfljóti á jarðvatnsstöðu (fyrir RARIK), ýmis smærri jarðfræðiverk fyrir Landsvirkjun.

## UMHVERFISRANNSÓKNIR

### Starfssvið:

Aðalverkefni deildarinnar er að sjá til þess að nauðsynlegar umhverfISRANNSÓKNIR fari fram á stigum forrannsóknna á virkjunarsvæðum, síðar virkjunarstöðum. Meiri hluti þeirra er keyptur af rannsóknarstofnunum á sviði náttúrufræða. Deildin sér að mestu sjálf um rannsóknir á sviði vatnalíffræði. Hún sér einnig um rekstur aurburðastofu.

### Starfslið:

Fastráðnir starfsmenn eru tveir. Einn líffræðingur, sem hefur umsjón með umhverfISRANNSÓKNUM vegna virkjana, og tekur þátt í þeim. Einn Landfræðingur, sem sér um úrvinnslu aurburðarsýna og ýmsar bergfræðilegar mælingar.

### Verkefni 1986:

Fagverkefni: Lokið við gein um áhrif virkjana á vatnalíf. Lokið var gagnasöfnun og gerð korta um landnýtingu vegna orkuvinnslu fyrir landnýtingarnefnd á vegum Landbúnaðarráðuneytisins. Unnið að uppgjöri verkefna VOD og áætlunum.

Deildarverkefni: Vegna aurburðarrannsóknna voru mæld rösk 300 sýni. Á árinu var haldið áfram heildar samantekt á niðurstöðum aurburðarrannsóknna frá upphafi. Unnið að langtímaáætlunum um vatnsorkurannsóknir.

Í virkjunarrannsóknnum eru nokkrar skýrslur tilbúnar til útgáfu en var ekki lokið vegna niðurskurðar á fjárveitingum. Lokið við 2 grunnkort í mælikvarða 1:50.000 til gróðurkortagerðar.

Söluverk: Svifaur var mældur fyrir ýmsa aðila, svo sem Landsvirkjun og sveitafélög, og starfsmaður lánaður efnafræðistofu.

## VERK- OG VATNAFRÆÐIDEILD

### Starfssvið:

Verk- og vatnafræðideild skiptist í tvær tiltölulega sjálfstæðar einingar, Straumfræðistöð annars vegar og virkjanaáætlanir og vatnafræði hins vegar. Hlutverk deildarinnar er að:

Annast líkantilraunir einkum vegna undirbúnings virkjana (Straumfræðistöð)

Skilgreina nýtingu vatnsorku á einstökum vatnasviðum.

Gera frumsamanburð á virkjanatilhöggunum.

Hafa umsjón með forathugun virkjana.

Hafa umsjón með gerð rennslisráða vegna rekstrareftirláttinga í samvinnu við Vatnamælingar og Landsvirkjun.

Annast ýmiss konar grunnvatnsrannsóknir, einkum til að meta lekt jarðlaga.

Afla almennrar þekkingar um vatnafar landsins.

### Starfslið:

Á deildinni störfuðu sex manns í árslok, þrír við Straumfræðistöð og þrír við áætlanagerð og vatnafræði. Einn verkfræðingur (ráðinn til eins árs) vinnur við áætlanir og vatnafræði, einn jarðfræðingur (fastráðinn) vinnur við áætlanir og forritun, einn vatnafræðingur (fastráðinn) vinnur við gerð rennslislíkana, almennar vatnafræðirannsóknir og forritun. Einn tæknifræðingur (fastráðinn), einn trésmíðameistari og einn rannsóknarmaður (lausráðinn) vinna við Straumfræðistöð.

### Helstu verkefni:

Unnið var að eftirtöldum fagverkefnum:

- Þróun rennslislíkana.
- Gagnabanka um veðurfar vegna rennslislíkana.
- Endurskoðun kostnaðarjafna og einingarverðs í virkjanalíkani. Orkustofnunar, ásamt þróun tölvuforrits í tengslum við líkanið.
- Undirbúningur og stjórnun NHE, Norrænu vatnafræðiráðstefnunnar.

Deildin lagði til vinnu við eftirtalin deildarverkefni:

- Jökulsár í Skagafirði, rennslisráðir o.fl.
- Forathugun virkjana í Hvítá í Borgarfirði, Skjálfandafljóti, Jökulsá á Dal, Markarfljóti, Efri Hvítá og Síðuvötnum.
- Rennslisgagnanefnd (Regn).
- Öldudælur.
- Kynning vatnsorkurannsókna.
- Endurskoðun vatnshæðarmælikerfisins.
- Vatnsafl Íslands, samræmd forathugun.
- Kostnaður við byggingu vatnsorkuvera, Hugarflugsfundur.
- Nefnd til að endurskoða aðferðir við mat á orkumætti vatnsorkukerfa og rekstur þeirra. (Stamovar).
- Samstarfsnefnd um undirbúning virkjana (Vísir).

Auk þess var unnið að ýmsum verkefnum fyrir iðnaðarráðuneytið einkum vegna orkusparnaðar og norræns samstarfs.

Ennfremur:

- Rannsóknir vegna vatnsöflunar fyrir fiskeldi o.fl.
- Þáttaka í stjórnun og rekstri tölvukerfis stofnunarinnar
- Rekstur íslensku vatnafræðinefndarinnar (stjórnskipuð nefnd)

Einn starfsmaður Straumfræðistöðvar hætti á árinu en hann hafði unnið að straumfræðiathugunum fyrir Hafnarmálastofnun.

Engar líkantilraunir fóru fram í Straumfræðistöð og unnu starfsmenn að ýmsum deildarverkefnum m.a. notkun ölduorku við dælingu sjávar vegna fiskeldis. Einnig unnu starfsmenn Ss. við landmælingar svo og að viðhaldi á húsæði og búnaði stöðvarinnar.

## ORKUBÚSKAPARDEILD

### Starfssvið:

Meginstarfssvið deildarinnar er:

- Safna gögnum um alla þætti orkumála.
- Veita stofnunum, innlendum sem erlendum, og almenningi upplýsingar um orkumál.
- Gefa út rit um helstu þætti orkumála (Orkumál).
- Vinna að áætlun um orkunotkun (Orkuspárnefnd).
- Gerð langtímaáætlana um uppbyggingu orkukerfa, þróun aðferða við mat á orkukerfum.
- Kanna hagkvæmni orkugjafa og nýtingu þeirra.

### Starfslið:

Deildarstjóri hætti á árinu og fékkst enginn í staðinn, og var þá starfsliðið lengst af einn verkfræðingur, einn fulltrúi sem ritstýrir Orkumálum og skrifstofumaður hálfan daginn sem vinnur við gagnasöfnun.

### Verkefni árið 1985:

Á árinu var unnið að ýmsum verkum, en þau helstu voru:

Gagnasöfnun og upplýsingamiðlun um orkumál: Áfram var unnið að tölvuvæðingu gagnasöfnunar og er það verk langt komið.

Orkuspár: Á árinu var lokið við nýja húshitunarspá.

Starfshópur um endurskoðun á aðferðum við mat á orkuvinnslugetu vatnsorkuvera og rekstri þeirra (STAMOVAR): lauk verki sínu að sinni.

Ýmis verkefni: Á vegum Framtíðarkönnunar forsætisráðherra var unnið í svokölluðum orkuhóp að gerð skýrslu um orkumál næstu áratuga. Þar að auki var unnið að ýmsum smærri verkefnum bæði innan deildarinnar og einnig í tengsum við aðrar deildir Orkustofnunar.



STARFSMANNASKRÁ 1986

Starfsheiti eru að mestu leyti samkvæmt skrá Launadeildar Fjármálaráðuneytisins, nema hvað náttúrufræðingar eru flokkaðir sundur. Fangamörk eru samkvæmt skrá Orkustofnunar 1983. 04.12. og síðari viðbótum eða breytingum. Fangamörk í sviga eru einvörðungu notuð innan VOD, þar eð þau eru eins og fangamörk starfsmanna á öðrum deildum Orkustofnunar, eða fangamörk fólks, sem ráðið er til skamms tíma. Fjöldi mánaðarverka er skráður hjá lausráðnu starfsfólki og þeim, sem unnu ekki allt árið.

SAMKOSTNAÐUR (SK)

|   | Fanga-<br>mark: | Mánaðar-<br>verk: |
|---|-----------------|-------------------|
| Haukur S. Tómasson, forstjóri               | HT              |                   |
| Helgi Gunnarsson, rekstrarstjóri            | HG              |                   |
| Gunnar Jónsson, fulltrúi                    | GJ              |                   |
| Guttormur Sigbjarnarson, deildarstjóri      | G.Sig(GS)       |                   |
| Lausráðið starfsfólk:                       |                 |                   |
| Eva Kaaber                                  | Eva             | 4,0               |
| Jóhanna Pétursdóttir skrifstofumaður        | JP              | 9,0               |
| Sigrún Hauksdóttir, skrifstofumaður         | SiH             | 2,0               |
| Sigurbjörg H. Birgisdóttir, skrifstofumaður | SiB             | 9,6               |

VATNAMÆLINGAR (VM):

|  | Fanga-<br>mark: | Mánaðar-<br>verk: |
|--|-----------------|-------------------|
| Sigurjón Rist, forstöðumaður (í leyfi)   | SR              |                   |
| Arni Snorrason, settur forstöðumaður     | ASn             |                   |
| Asgeir Gunnarsson, útibússtjóri          | AG              |                   |
| Asgeir Sigurðsson, rannsóknarmaður       | AS              |                   |
| Davíð B. Guðnason, vatnamælingamaður     | DG              |                   |
| Eberg Elefsen, vatnamælingamaður         | EE              |                   |
| Guðmunda Andrésdóttir, yfirtækniteiknari | GAN             | 6,0               |
| Gunnsteinn Stefánsson, vatnamælingamaður | GSt             | 2,7               |
| Halína Bogadóttir, jarðeðlisfræðingur    | HB              |                   |
| Snorri Zóphóníasson, jarðfræðingur       | SZ              |                   |
| Lausráðið starfsfólk:                    |                 |                   |
| Bjarni Kristinsson, jarðfræðingur        | BK              | 12,0              |
| Gæslumenn Vatnshæðarmæla                 |                 | 19,0              |

LANDMÆLINGAR (LM):

|   | Fanga-<br>mark: | Mánaðar-<br>verk: |
|---|-----------------|-------------------|
| Gunnar Þorbergsson, forstöðumaður       | GÞ              |                   |
| Guðmundur H. Vigfússon, rannsóknarmaður | GHV             |                   |
| Lausráðið starfsfólk:                   |                 |                   |
| Ingvar Þ. Magnússon, jarðeðlisfræðingur | IPM             | 12,0              |

MANNVIRKJAJARÐFRÆÐI (MJ):

|                                       | Fanga-<br>mark: | Mánaðar-<br>verk: |
|---------------------------------------|-----------------|-------------------|
| Birgir Jónsson, deildarstjóri         | BJ              |                   |
| Björn A. Harðarson, jarðverkfræðingur | BAH             |                   |
| Björn Jónasson, jarðfræðingur         | BJJ             |                   |
| Oddur Sigurðsson, jarðfræðingur       | OS              |                   |
| Þórólfur H. Hafstað, jarðfræðingur    | PHH             |                   |

JARÐFRÆÐIKORTLAGNING (JK):

|  | Fanga-<br>mark: | Mánaðar-<br>verk: |
|--|-----------------|-------------------|
| Freysteinn Sigurðsson, deildarstjóri   | FS              |                   |
| Ágúst Guðmundsson, jarðfræðingur       | AG              |                   |
| Árni Hjartarson, jarðfræðingur         | AH              |                   |
| Bessi Aðalsteinsson, jarðfræðingur     | BA              |                   |
| Elsa G. Vilmundardóttir, jarðfræðingur | EGV             |                   |
| Ingibjörg Kaldal, jarðfræðingur        | IK              | 7,6               |
| Skúli Víkingsson, jarðfræðingur        | SV              |                   |
| Lausráðið starfsfólk:                  |                 |                   |
| Sigbjörn Guðjónsson, jarðfræðingur     | SIG             | 12,0              |

UMHVERFISRANNSÓKNIR (UR):

|                                    | Fanga-<br>mark: | Mánaðar-<br>verk: |
|------------------------------------|-----------------|-------------------|
| Hákon Aðalsteinsson, deildarstjóri | HA              |                   |
| Svanur Pálsson, landfræðingur      | SP              |                   |

VATNA- OG VERKFRÆÐI (VV):

|                                      | Fanga-<br>mark: | Mánaðar-<br>verk: |
|--------------------------------------|-----------------|-------------------|
| Sigurður Þórðarson, deildarstjóri    | SP              | 8,0               |
| Jón Ingimarsson, deildarstjóri       | JI              | 3,0               |
| Hörður Svavarsson, jarðfræðingur     | HSs             |                   |
| Kristinn Einarsson, vatnafræðingur   | KE              |                   |
| Þorbergur Þorbergsson, verkfræðingur | ÞÞ              | 2,0               |

STRAUMFRÆÐISTÖÐ (SFS):

|   | Fanga-<br>mark: | Mánaðar-<br>verk: |
|---|-----------------|-------------------|
| Björn Erlendsson, deildartæknifræðingur | BE              |                   |
| Gestur Gunnarsson, tæknifræðingur       | GG              | 4,6               |
| Lausráðið starfsfólk:                   |                 |                   |

|                                     |     |      |
|-------------------------------------|-----|------|
| Stefán Hermannsson, rannsóknarmaður | SH  | 12,0 |
| Þorsteinn Jóhannsson, verkstjóri    | ÞJÓ | 12,0 |

ORKUBÚSKAPUR (OB):

|   | Fanga-<br>mark: | Mánaðar-<br>verk: |
|---|-----------------|-------------------|
| Jón Vilhjálmsson, deildarstjóri           | JV              | 6,0               |
| Ingibjörg J. Gísladóttir, skrifstofumaður | IG              | 6,0               |
| Ólafur Pálsson, verkfræðingur             | ÓP              |                   |
| Rútur Halldórsson, fulltrúi               | RH              |                   |



Tafla 3.1

Skipting virks vinnutíma og kostnaðar á verkefnaflokka.

ORKUSTOFNUN  
VATNSORKUDEILD  
1987-02-16 HG

VERKEFNA- OG FJARHAGSUPPGJÖR VOD 1986  
MEGINSKIPTI TÍMA OG FJAR

|           | VINNU-<br>STUNDIR | VIKU<br>VERK | %    | 1) LAUNA-<br>GJÖLD<br>Kkr | 2) BOKFÆRT<br>BEINT A<br>VERK Kkr | 3) KOSTN<br>ÓBEINN<br>Kkr | VOD ALLS<br>(1+2+3)<br>Kkr | %      |  |
|-----------|-------------------|--------------|------|---------------------------|-----------------------------------|---------------------------|----------------------------|--------|--|
| REKSTUR   | 15,505            | 387          | 19.0 | 8,382                     | 3,978                             | 952                       | 13,312                     | 20.0   |  |
| FAGVERK   | 8,142             | 204          | 10.0 | 4,544                     | 682                               | 294                       | 5,520                      | 8.0    |  |
| DEILDARV. | 42,759            | 1,069        | 53.0 | 23,137                    | 10,816                            | 4,249                     | 38,202                     | 58.0   |  |
| SÖLUVERK  | 13,972            | 349          | 17.0 | 7,289                     | 260                               | 939                       | 8,488                      | 13.0   |  |
|           | 80,378            | 2,009        | 99.0 | 43,352                    | 15,736                            | 6,434                     | 65,522                     | 99     |  |
|           |                   |              |      |                           |                                   |                           | STOFNKOSTN                 | 1,737  |  |
|           |                   |              |      |                           |                                   |                           | UTGJÖLD                    | 67,259 |  |

Skýringar:

Launakostnaður er samsettur úr greiddum launum og launagjöldum (orlof á yfirvinnu, lífeyrissj. launask. o.fl.).

Vinnutími er annarsvegar tími skráður á tiltekin verk (80.378), og hinsvegar óvirkur tími (28.430; orlof, veikindi, matartímar o.p.h.).

Greiddar vinnustundir voru samtals 108.808 á árinu 1986.

Launagjöld og óvirkur tími gera saman óbeinan launakostnað. Þeim kostnaði er jafnað út á virkan tíma, og dreift á verk í hlutfalli við vinnuframlag til þeirra

$$\text{Launakostn. til skipta} = \frac{\text{launakostn. (beinn+óbeinn)}}{\text{virkur vinnutími}}$$

ORKUSTOFNUN  
VATNSORKUDEILD  
1987-01-28 HG

VERKEFNAUPPGJÖR VÖÐ 1986  
REKSTUR

| VERKNR. | VERKHEITI                 | SK    | VM   | LM<br>V | MJ<br>I | JK<br>K | UR<br>U | VV<br>R | SS   | OB  | VIKUR<br>ALLS | LAUN<br>Kkr. | BEINT A<br>VERK Kkr. | O BEINT<br>VERK Kkr. | ALLS<br>Kkr. |
|---------|---------------------------|-------|------|---------|---------|---------|---------|---------|------|-----|---------------|--------------|----------------------|----------------------|--------------|
| 3X0     | STJORNUN/ÞJONUSTA         | 23.9  | 22.5 | 23.5    | 31.0    | 15.1    | 2.9     | 5.3     | 17.8 | 0.9 | 142.9         | 3,077        | 753                  | 149                  | 3,979        |
| 301.1   | BILAMAL                   | 4.4   | 0.8  |         | 0.1     |         |         |         |      |     | 5.3           | 116          | 0                    | 0                    | 116          |
| 301.4   | HUSNÆÐI                   | 0.6   | 1.0  |         |         |         |         |         | 13.7 |     | 15.3          | 270          | 1,671                | 0                    | 1,941        |
| 301.5   | AHÜLD                     |       | 2.1  |         |         | 0.1     |         |         | 20.3 |     | 22.5          | 395          | 400                  | 0                    | 795          |
| 302     | TÖLVUÞJONUSTA             | 0.6   |      | 11.6    |         | 13.6    |         | 10.1    |      |     | 35.9          | 803          | 958                  | 803                  | 2,564        |
| 303     | MALASAFN VÖÐ              | 9.8   |      |         | 2.1     |         |         |         |      |     | 11.9          | 271          | 156                  | 0                    | 427          |
| 304     | SÖLUVERKEFNI              | 15.3  | 1.0  |         | 3.1     | 2.2     |         |         | 4.3  |     | 25.9          | 563          | 0                    | 0                    | 563          |
| 305     | AÆTLANAGERÐ               | 38.6  | 3.3  | 0.5     | 9.7     | 3.5     | 7.3     | 2.1     | 0.7  | 2.2 | 67.9          | 1,550        | 40                   | 0                    | 1,590        |
| 306     | STARFSMANNAMAL            | 9.0   |      |         |         | 0.5     |         |         |      |     | 9.5           | 212          | 0                    | 0                    | 212          |
| 307     | INNLAGÐIR REIKNINGAR      | 9.1   |      |         | 0.5     |         |         |         |      |     | 9.6           | 215          | 0                    | 0                    | 215          |
| 309     | YMIS REKSTUR              | 20.3  | 1.6  | 0.6     | 2.6     | 9.1     | 0.6     | 2.0     | 3.9  | 0.3 | 41.0          | 910          | 0                    | 0                    | 910          |
|         |                           | 131.6 | 32.3 | 36.2    | 49.1    | 44.1    | 10.8    | 19.5    | 60.7 | 3.4 | 387.7         | 8,382        | 3,978                | 952                  | 13,312       |
| 399     | STOFNKOSTNAÐUR (oskiptur) |       |      |         |         |         |         |         |      |     |               |              |                      |                      | 1,737        |
|         | REKSTUR ALLS              |       |      |         |         |         |         |         |      |     |               |              |                      |                      | 15,049       |

Meðal launakostnaður á vikuverk per starfsmann 1986:

|       | áætlað | raun   |
|-------|--------|--------|
| SK    | 17.256 | 22.266 |
| VM    | 16.958 | 19.725 |
| LM    | 17.230 | 18.855 |
| MJ    | 21.280 | 25.033 |
| JK    | 19.910 | 23.058 |
| UR    | 20.952 | 24.640 |
| VV/SS | 18.276 | 19.196 |
| OB    | 18.967 | 21.399 |

1 vikuverk er 40 virkar vinnustundir.

ORKUSTOFNUN  
VATNSORKUDEILD  
1987-01-29 HG

VERKEFNAUPPGJÖR VOD 1986  
FAGVERKEFNI

| VERKNR. | VERKHEITI                | SK   | VM   | LM<br>V | MJ<br>I | JK<br>K | UR<br>U | VV<br>R | SS   | OB   | VIKUR<br>ALLS | LAUN<br>Kkr. | BEINT A<br>VERK Kkr. | O BEINT<br>VERK Kkr. | ALLS<br>VERK Kkr. |        |
|---------|--------------------------|------|------|---------|---------|---------|---------|---------|------|------|---------------|--------------|----------------------|----------------------|-------------------|--------|
| 308     | Mentun namsk.            | 10.9 |      | 0.1     | 0.1     | 0.8     |         |         |      |      | 1.1           | 13.0         | 285                  |                      | 97                | 382    |
| 312     | Rennslislikön            |      | 0.5  |         |         |         |         |         |      |      | 0.5           | 10           |                      |                      |                   | 10     |
| 313     | Rannsóknarvatnasvið      |      | 2.5  |         |         |         |         |         |      |      | 2.5           | 49           |                      | 22                   | 65                | 136    |
| 318     | Hæfing                   |      | 10.0 |         |         |         |         |         |      |      | 10.0          | 197          |                      | 173                  |                   | 370    |
| 319     | Ymis fagverk VM          | 2.6  | 7.8  |         |         | 1.0     |         |         |      |      | 1.4           | 12.8         |                      |                      | 48                | 307    |
| 321     | Gagnasafn                |      | 2.0  | 3.5     |         |         |         |         |      |      | 0.6           | 6.1          |                      |                      |                   | 116    |
| 322     | Profun tækja             |      |      | 1.0     |         |         |         |         |      |      | 1.0           | 19           |                      |                      |                   | 19     |
| 326     | Forritagerð              |      |      | 10.4    |         |         |         |         |      |      | 10.4          | 196          |                      |                      |                   | 196    |
| 327     | Tölvufræði               |      |      | 3.4     |         |         |         |         |      |      | 3.4           | 64           |                      |                      |                   | 64     |
| 328     | Hæfing                   |      |      | 6.5     |         |         |         |         |      |      | 6.5           | 123          |                      |                      |                   | 123    |
| 329     | Ymis fagverk LM          |      | 0.2  | 1.9     |         |         |         |         |      |      | 4.0           | 6.1          |                      |                      |                   | 109    |
| 331     | Bortækni                 |      |      |         | 6.0     | 0.2     |         |         |      |      | 6.2           | 155          |                      |                      |                   | 155    |
| 332     | Grunnvatn (gagnav.)      |      | 0.1  |         | 2.8     |         |         |         |      |      | 2.9           | 72           |                      |                      |                   | 72     |
| 333     | Fjarkönnun               |      |      |         | 2.4     |         |         |         |      |      | 2.4           | 60           |                      | 27                   |                   | 87     |
| 334     | Jarðtækni                |      |      |         | 1.8     |         |         |         |      |      | 1.8           | 45           |                      | 60                   |                   | 105    |
| 335     | Eftirlit á byggingastigi | 1.0  |      |         | 12.0    | 2.8     |         |         |      |      | 15.8          | 385          |                      | 27                   |                   | 412    |
| 338     | Hæfing                   |      |      |         | 11.0    |         |         |         |      |      | 0.1           | 11.1         |                      |                      |                   | 278    |
| 339     | Ymis fagv. MJ            | 2.1  | 0.1  |         | 24.1    |         |         |         |      |      | 26.3          | 652          |                      |                      |                   | 652    |
| 341     | Efnainnihald grunnvatns  |      |      |         |         | 0.8     |         |         |      |      | 0.8           | 18           |                      |                      |                   | 18     |
| 345     | Gerð jarðfræðikorta      |      |      |         | 1.1     | 0.9     |         |         |      |      | 2.0           | 48           |                      |                      |                   | 48     |
| 347     | Setgreiningarstaðall     |      |      |         | 2.1     |         |         |         |      |      | 2.1           | 48           |                      |                      |                   | 48     |
| 348     | Hæfing                   |      |      |         |         | 13.2    |         |         |      |      | 13.2          | 304          |                      |                      |                   | 304    |
| 349     | Ymis fagverk JK          | 0.4  |      |         |         | 4.4     |         |         |      |      | 4.8           | 110          |                      | 34                   |                   | 144    |
| 352     | Náttúrufarskannanir      |      |      |         |         |         | 1.7     |         |      |      | 1.7           | 42           |                      |                      |                   | 42     |
| 358     | Hæfing                   |      |      |         |         |         | 2.7     |         |      |      | 2.7           | 66           |                      |                      |                   | 66     |
| 359     | Ymis fagverk UR          | 0.2  |      |         |         |         | 1.8     |         |      |      | 2.0           | 49           |                      |                      |                   | 49     |
| 364     | Veðurfar (gagnabanki)    |      |      |         |         |         |         | 1.0     |      |      | 1.0           | 26           |                      |                      |                   | 26     |
| 365     | Rennslislikön            |      |      |         |         |         |         | 3.1     |      |      | 3.1           | 79           |                      |                      |                   | 79     |
| 367     | virkjanalíknun ofl.      |      |      |         |         |         |         | 2.1     |      |      | 2.1           | 53           |                      | 373                  |                   | 426    |
| 368     | Hæfing                   |      |      |         |         |         |         | 2.5     |      |      | 2.5           | 64           |                      |                      |                   | 64     |
| 369     | Ymis fagverk VV          | 1.6  |      |         |         |         |         | 4.5     |      |      | 6.1           | 150          |                      |                      |                   | 150    |
| 372/374 | Hönnun, viðh. tækja      |      |      |         |         |         |         |         | 7.5  |      | 7.5           | 130          |                      |                      |                   | 130    |
| 388     | Hæfing                   | 0.2  |      |         |         |         |         |         |      | 5.4  | 5.6           | 120          |                      | 50                   |                   | 170    |
| 389     | Ymis fagverk OB          | 2.4  |      |         |         |         |         |         |      | 5.1  | 7.5           | 163          |                      |                      |                   | 163    |
|         |                          | 20.4 | 24.2 | 26.8    | 61.3    | 26.2    | 6.2     | 13.2    | 14.6 | 10.6 | 203.5         | 4544.0       | 682.0                | 294.0                |                   | 5520.0 |



ORKUSTOFNUM  
VATNSORKUDEILD  
1987-01-28 HG

VERKEFNAUPPGJÖR VOD 1986  
DEILDARVERKEFNI

| VERKNR. | VERKHEITI              | SK   | VM    | LM<br>V | MJ<br>I | JK<br>K | UR<br>U | VV<br>R | SS   | OB    | VIKUR<br>ALLS | LAUN<br>Kkr. | BEINT A<br>VERK Kkr. | O BEINT<br>VERK Kkr. | ALLS<br>Kkr. |
|---------|------------------------|------|-------|---------|---------|---------|---------|---------|------|-------|---------------|--------------|----------------------|----------------------|--------------|
| 520     | Kljafoss               |      | 0.1   |         |         |         |         | 1.4     |      |       | 1.5           | 38           |                      | 8                    | 46           |
| 550     | Vestfirðir             |      | 3.5   |         |         |         |         |         |      |       | 3.5           | 69           | 30                   | 40                   | 139          |
| 630     | Blanda                 | 0.5  | 0.6   |         |         | 1.4     |         | 0.4     |      |       | 2.9           | 65           |                      | 33                   | 98           |
| 645     | Eystrí-Jökulsa         | 7.0  | 16.9  | 0.2     | 8.0     | 18.0    | 0.2     | 8.5     |      |       | 58.8          | 1,330        | 733                  | 300                  | 2,363        |
| 673     | Skjalfandafljót        |      | 12.1  |         |         | 2.4     |         | 3.8     |      | 0.3   | 18.6          | 397          | 726                  | 240                  | 1,363        |
| 710     | Jökulsa a Fjöllum      |      | 9.0   |         |         |         |         |         |      |       | 9.0           | 178          | 579                  | 339                  | 1,096        |
| 730     | Jökulsa a Dal          | 0.6  | 15.6  |         | 0.2     | 26.7    | 2.5     | 5.8     |      |       | 51.4          | 1,151        | 1,424                | 540                  | 3,115        |
| 760     | Fljotsdalsvirkjun      |      | 15.0  |         |         |         |         |         |      |       | 15.0          | 296          | 398                  | 695                  | 1,389        |
| 785     | Geithelnaa             |      |       | 10.3    |         |         |         |         |      | 3.1   | 13.4          | 248          | 288                  | 80                   | 616          |
| 810     | Siðuvötn               | 1.5  | 5.6   |         | 0.8     | 1.3     |         | 9.4     |      |       | 18.6          | 434          | 306                  | 270                  | 1,010        |
| 817     | Skaftharhlaup          |      | 2.7   |         |         |         |         |         |      |       | 2.7           | 53           |                      | 30                   | 83           |
| 826     | Skaftharveita          |      |       | 2.0     |         |         |         |         |      |       | 2.0           | 38           |                      | 20                   | 58           |
| 832     | Markarfljót            | 0.7  |       |         | 0.4     | 2.4     |         | 3.1     |      |       | 6.6           | 158          | 82                   | 30                   | 270          |
| 840     | Þjorsa/ Tungnaa        |      | 1.4   |         |         | 97.6    |         |         |      |       | 99.0          | 2,278        | 1,022                | 250                  | 3,550        |
| 841     | Neðri-Þjorsa           |      |       | 6.1     | 0.1     | 11.3    |         |         |      | 1.2   | 18.7          | 399          | 287                  | 200                  | 886          |
| 876     | Bruara                 |      |       |         |         |         |         | 0.9     |      |       | 0.9           | 23           |                      | 15                   | 38           |
| 880     | Efri-Hvita             | 4.4  | 17.5  | 0.1     | 0.1     | 14.0    | 1.1     | 9.9     | 5.0  |       | 52.1          | 1,137        | 1,815                | 100                  | 3,052        |
